

Sundlaugar: voru 3 m.kr. innan fjárheimilda. Tekjur voru 73 m.kr. yfir áætlun, laun voru 36 m.kr. umfram fjárheimildir og annar rekstrarkostaður var 34 m.kr. umfram fjárheimildir.

Útilífsborg: var 37 m.kr. innan fjárheimilda. Jákvæður viðsnúningur hefur verið í þeim rekstri þar sem þessir liðir hafa verið reknir í halla undanfarin ár. Fjölskyldu og húsdýragarðurinn var 18 m.kr. innan fjárheimilda, þar má gera ráð fyrir að kostnaður falli meira á seinni hluta ársins og reksturinn verði á pari. Dýraþjónustan var 8 m.kr. innan fjárheimilda, en þar komu meindýravarnir inn um áramótin s.l. Þá var Ylströndin 10 m.kr. innan fjárheimilda, en tekjur þar voru hærrí en áætlun gerði ráð fyrir.

Skíðasvæði: voru rúmar 13 m.kr. umfram fjárheimildir. Mikil aðsókn var að skíðasvæðunum árið 2024 og tekjur voru góðar. Var þetta fyrsta árið þar sem að nýjar lyftur og snjóframleiðsala var kominn í gang. Þá var launakostnaður einnig yfir áætlun þar sem opnun var meiri en áætlun gerði ráð fyrir.

Hitt húsið: Hitt húsið var rúmum 41 m.kr. innan fjárheimilda. Atvinnumál skólafólks voru 18 m.kr. innan fjárheimilda en kostnaður vegna þess mun falla á júlí. Frísund fatlaðra var 11 m.kr. innan fjárheimilda og Hitt húsið var 12 m.kr. innan fjárheimilda.